

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jóni Kjartanssyni, Hannibal Valdimarssyni og Jónasi Árnasyni.

1. Við 3. gr. bætist ný málsg., sem orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúshaverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsupprætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsupprættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingar þar og láta af hendi eða útvega landssvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917. Sömu leiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.

2. Við 4. gr. b-liður orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 125 milljónir króna, nema hærri upphæð sé ákveðin á fjárlögum.

3. 5. gr. orðist svo:

Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar.

Byggingarsjóður skal gefa út og selja skuldabréf til 35 ára. Kaupendur slíkra bréfa skulu hafa rétt til að draga andvirði þeirra frá skattskyldum tekjum það ár, sem þeir kaupa bréfin af byggingarsjóði, þó skulu ekki frádráttarbær meiri bréfa kaup ár hvert en sem nemur kr. 100 000.00 hjá einstaklingum og 300 000.00 hjá fyrirtækjum.

Bankavaxtabréf þessi skulu vera ríkistryggð og $\frac{1}{35}$ hluti hvers lánaflokks, árssala, dreginn út ár hvert. Visitöluuppbót skal greidd á bréf þessi við útdrátt á sama hátt og af lánum, byggingarsjóðs.

Bankavaxtabréf þessi skulu skráð á nafn, og hver lánaflokkur má eigi nema hærri fjárhæð en 300 milljónum króna. Bankavaxtabréfin skal byggingarsjóður hafa til sölu í öllum bönkum og bankaútibúum, svo og þeim sparissjóðum, sem húsnæðismálastjórn ákveður.

Húsnæðismálastjórn og veðdeild Landsbankans skulu ákveða gerð bréfanna og fjárhæð hvers lánaflokks.

Vextir af bréfum þessum skulu vera 6%. Nánari ákvæði um sölu og útdrátt bréfanna skulu sett með reglugerð.

4. Við 8. gr.

3. málsg. A-liðar orðist svo:

a. Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarstjórnnum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis o. s. frv.

b. Fyrir orðin „á tveggja ára fresti“ í B-lið komi: árlega.

c. C-liður orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 6%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan að fullu á 32 árum með jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð.

Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðs ríkisins skulu skuldarar greiða árlega sem svarar $\frac{1}{4}$ % af lánsfjárhæðinni.

5. Við 9. gr. 3. málslíður orðist svo:
Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðsla og innheimta geti farið fram í peningastofnun sem næst lögheimili lántakenda.
6. Við 11. gr. 3. málsg.
 - a. Fyrir „4%“ komi: 6%.
 - b. Niður falli „sbr. 5. málsg. 5. gr.“.
 - c. Í staðinn fyrir orðið „mega“ komi: skulu.
7. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Nú hefur sveitarstjórn ekki ákveðið að hefja byggingar samkv. IV. kafla þessara laga innan tveggja ára frá gildistöku laganna, og getur þá byggingarfélag verkamanna, sem starfað hefur samkv. eldri lögum um verkamannabústaði, tekið að sér byggingar samkv. þessum lögum og nýtur þá allra réttinda samkv. IV. kafla laganna, en viðkomandi sveitarfélag greiðir Byggingarsjóði verkamanna gjald samkv. ákvörðun húsnæðismálastjórnar.
8. Við 20. gr. Við greinina bætist eftirfarandi málsgreinar:
Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, en hlutaðeigandi sveitarsjóður stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem hann kann að fá til byggingarframkvæmda í kaupstaðnum eða kauptúninu af lánsfé sjóðsins.
Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.
9. Á eftir 26. gr. (IV. kafla) komi nýr kafli, sem verður V. kafli: Um leiguhúsnæði, og orðist svo:
Nú kýs sveitarfélag að koma sjálft upp íbúð eða íbúðum og leigja lágtekjufólki, sem af eigin rammleik getur ekki eignast húsnæði, og er þá húsnæðismálastjórn heimilt að leyfa slíkar byggingar og lána til þeirra á sama hátt og til verkamannabústaða. Húsnæðismálastjórn setur reglur um leigukjör slíkra íbúða.
10. Við ákvæði til bráðabirgða.
 - a. Við tölulið 3 bætist:
Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingaráætlana.
 - b. Við tölulið 4. Í stað „35 m.kr.“ komi: 85 millj. kr.
 - c. Á eftir tölulið 4 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Það fé, sem Byggingarsjóður ríkisins leggur af mörkum til framkvæmdaáætlunar um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, ber framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar að endurgreiða Byggingarsjóði eftir þeim reglum, sem ráðherra setur. Ríkisstjórnin skal, eftir því sem þörf krefur, afla þess fjár, sem framkvæmdanefndinni er skylt að endurgreiða. Því fé, sem þannig rennur í Byggingarsjóð ríkisins, ber húsnæðismálastjórn að úthluta eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.